

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á soðnum eggjum og eggjarauðum.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðaukum III A og IV A við tollalög nr. 88/2005, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Úr tollskrárnúmeri	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0408.1901	Gerilsneyddar eggjarauður með 7% saltinnihaldi í $\geq 5$ kg umbúðum	01.01. - 31.12.07	ótilgr.	0	39
0408.9901	Soðin egg í $\geq 10$ kg umbúðum	01.01. - 31.12.07	ótilgr.	0	91

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils.

#### 3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 509/2004, um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

#### 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2007.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 11. desember 2006.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

*Atli Már Ingólfsson.*